

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á Bergþórugötu að sunnanverðu á milli Snorrabrautar og bifreiðastæðis við Sundhöll.
 2. Aflétt verður banni við bifreiðastöðu austanmegin Pósthússtrætis, sunnan Austurstrætis, en þar verði settir upp stöðumælar við hluta götunnar.
 3. Settir verða upp stöðumælar við Skipholt nr. 17.
- Framangreindar reglur taka gildi 2. júlí 1973.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 27. júní 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

3. júlí 1973.

Nr. 242.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 20. júlí 1973 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 10.6%. Jafnframt fellur úr gildi 7.3% hækkun, er tók gildi 15. febrúar 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

12. júlí 1973.

Nr. 243.

AUGLÝSING

um nafn á fjalli í Vestmannaeyjum.

Með tilvísun til 2. gr. laga nr. 35/1953, hefur ráðuneytið ákveðið, í samræmi við tillögu örnefnanefndar, að hið nýja fjall, sem myndast hefur við eldgos í Vestmannaeyjum, skuli heita **Eldfell**.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Rúnólfur Þórarinnsson.